

# NÝTNIVIKAN 2015

## - NÝTUM OG NJÓTUM -

### Í GANGI ALLA VIKUNA

---

#### Græn bók – góð bók, skiptimarkaður.

- **Hvað:** Skiptibókamarkaður Borgarbókasafns Reykjavíkur. Gestir eru hvattir til að koma með bækur sem þeir eru búnir að lesa og finnst skemmtilegar og leyfa öðrum að njóta þeirra. Skilyrði er að þær séu vel með farnar, hreinar og áhugaverðar.
  - **Hvenær:** Á opnunartíma safnanna.
  - **Hvar:** Á öllum söfnun Borgarbókasafns Reykjavíkur (<http://www.borgarbokasafn.is>).
- 

#### Heklum teppi!

- **Hvað:** Það er upplagt að nota garnafganga til að hekla fallett teppi. Leggðu lykkju á leið þína og komdu við á handavinnutorgi Borgarbókasafns í Grófinni og leggðu þitt af mörkum í nýtniteppið. Einnig hægt að nálgast ýmsar bækur með ýmsum hugmyndum um hvernig hægt er að nýta afganga í eigulega hluti.
  - **Hvenær:** Á opnunartíma Borgarbókasafns í Grófinni.
  - **Hvar:** Menningarhús Grófinni, Tryggvagötu 15.
- 

### MÁNUDAGUR 23. NÓVEMBER

---

#### Nýtniamman – facebook leikur

- **Hvað:** Fésbókarleikur Reykjavíkurborgar þar sem keppst verður við að finna besta nýtniráðið fyrir Nýtniömmuna. Besta ráðið verður verðlaunað 1. desember með verðlaunum í anda Nýtnivikunnar.
  - **Hvenær:** 23.-30. nóvember.
  - **Hvar:** Fésbókarsíða Reykjavíkurborgar <http://www.facebook.com/reykjavik>
- 

#### Gefum upplifun – facebook leikur

- **Hvað:** Facebook leikur Umhverfisstofnunnar þar sem óskað er eftir hugmyndum að gjöfum í formi upplifunar. Á föstudaginn 27. nóvember verður síðan dregið úr hugmyndunum og vinningshafinn fær 20.000 kr. gjafabréf í Þjóðleikhúsið frá Umhverfisstofnun.
  - **Hvenær:** 23. - 27. nóvember.
  - **Hvar:** Á facebook síðu stofnunarinnar <https://www.facebook.com/umhverfisstofnun>.
-

## MÍÐVIKUDAGUR 25. NÓVEMBER

---

### Swap till you drop

- **Hvað:** Skiptifata- og bókamarkaður. Það er óþarfi að henda hlutum sem þú þarft ekki lengur. Leyfðu fötunum sem þú ert orðin þreytt á og bókunum sem þú ert búin að lesa að finna nýja eigendur og nældu þér í eitthvað spennandi í leiðinni.
  - **Hvenær:** kl. 16:30 – 19:30.
  - **Hvar:** Loft Hostel, Bankastræti 7.
- 

## FIMMTUDAGUR 26. NÓVEMBER

---

### Grænar stofnanir læra nýtni í matargerð

- **Hvað:** Happprætti á vegum Umhverfisstofnunar þar sem einn þátttakenda úr hópi ríkisstofnana í verkefninu Grænum skrefum í ríkisrekstri verður dreginn út og gefið matreiðslunámskeiðið „Eldað úr öllu“ hjá Kvenfélagasambandi Íslands fyrir allt að 25 manns.
- 

### Saumasíðdegi, saumum innkaupapoka!

- **Hvað:** Saumaðir verða margnota innkaupapokar í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum. Kvenfélagasambandið býður uppá tilsníðin efni og aðstoðar við saumaskapinn. Allir velkomnir, 3 saumavélar verða á staðnum og saumakonur aðstoða við saumaskapinn. Kaffi og könnunni. Aðgengi fyrir alla.
  - **Hvenær:** kl. 14:00 – 17:00.
  - **Hvar:** Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, Túngötu 14.
- 

## FÖSTUDAGUR 27. NÓVEMBER

---

### Kynning á rannsóknum um matarsóun í Reykjavík

- **Hvað:** Kynning á forrannsókn sem Landvernd hefur unnið að á matarsóun í Reykjavík í samstarfi við Reykjavíkurborg. Umhverfisstofnun kynnir matarsóunar verkefni sem stofnunin vinnur að og niðurstöður viðhorfskönnunar um matarsóun. Kvenfélagasambandið býður uppá sjóðheita diskósúpu! Aðgengi fyrir alla.
  - **Hvenær:** kl. 12:00 – 13:30.
  - **Hvar:** Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, Túngötu 14.
- 

### Saumasíðdegi, saumum innkaupapoka!

- **Hvað:** Saumaðir verða margnota innkaupapokar í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum. Kvenfélagasambandið býður uppá tilsníðin efni og aðstoðar við saumaskapinn. Allir velkomnir, 3 saumavélar verða á staðnum og saumakonur aðstoða við saumaskapinn. Kaffi og könnunni. Aðgengi fyrir alla.
  - **Hvenær:** kl. 14:00 – 17:00.
  - **Hvar:** Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, Túngötu 14.
-

## LAUGARDAGUR 28. NÓVEMBER

---

### Nýtum, notum og njótum

- **Hvað:** Viðburður Rauða Krossins og Vakandi um endurnotkun og endurvinnslu fatnaðar. Fatamarkaður, tískusýning, tónlistaratriði, stutt erindi og skemmtun fyrir börnin.
  - **Hvenær:** kl. 13:00 – 16:00.
  - **Hvar:** Ráðhús Reykjavíkur.
- 

### Býttifatamarkaður í Borgarbókasafninu Kringlunni

- **Hvað:** Komdu með flíkurnar sem ekki eru lengur í notkun og fáðu „nýjar“ í staðinn. Tekið verður á mótí fötum, skóm og fylgihlutum alla vikuna en markaðurinn sjálfur fer fram laugardaginn 28. nóvember. Það verður heitt á könnunni.
  - **Hvenær:** kl. 13:00 – 17:00
  - **Hvar:** Borgarbókasafnið Kringlunni, við Listabraut.
-